



Nýr Herjólfur kom til Vestmannaeyja síðastliðið sumar.  
MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Rafvæðing Herjólfur hefur skilað meiri ávinningi en reiknað var með

## Mikill sparnaður á nýjum Herjólfvi

Kostnaðurinn við að sigla nýja Herjólfvi rafknúnum milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja hefur ekki verið nema 15 prósent af kostnaðinum þegar gamla Herjólfvi er siglt sömu leið olíuknúnum.

Þetta fullyrta Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri Herjólfur, á málþingi sem fram fór í Þekkingarsetri Vestmannaeyja í síðustu viku.

„Fyrir rekstrarfélagið skiptir þetta gríðarlega miklu máli. Þetta er enginn smá mismunur,“ sagði Guðbjartur.

Jafnvel þegar nýjum Herjólfvi er siglt á olíu þá er olíukostnaðurinn á þessari siglingaleið 34 prósent minni heldur en á gamla Herjólfvi. Þetta er 14,2 sjómílna leið samtals og tekur siglingin um 80 mínútur.

Guðbjartur Ellert segir það hafa komið á óvart hve rafvæðing Herjólfur hefur skilað miklum ávinningi.

„Það er alveg ljóst að rekstrarávinningurinn er gríðarlega mikill.“

### 1.500 milljónir á tíu árum

Á ársgrundvelli sagði hann rekstrarkostnað nýja Herjólfur, þess fjórða í röðinni frá upphafi, metinn um 53 prósent lægri ef eingöngu er siglt á rafmagn, og er þá gert ráð fyrir því að siglt sé 71 dag á ári til Þorlákshafnar.

Ávinningurinn af því að geta siglt eingöngu til Landeyjahafnar

yrði því mun meiri, enda þá hægt að nota rafmagn eingöngu.

„Miðað við reynslu og endurgjöf frá kerfum Herjólfur IV má vænta þess að yfir 10 ára tímabil geti fjárhagslegur ávinningur verið allt að 1.500 m.kr. Sem þýðir að hægt er að auka þjónustu og tryggja betri samgöngur milli Vestmannaeyja og lands – á vistvænni, innlendri og ódýrri orku,“ sagði Guðbjartur.

### Ákjósanlegt í ferjusiglingum

Hann sagði þessar tölur jafnframt sýna hve ákjósanlegt það væri að vera með rafknúin skip í ferjusiglingum almenn hér við land, „að öllu jöfnu“.

Þá sagði hann ríkisvaldið eiga að vera leiðandi í innleiðingu orkuskipta í sjávarútvegi og hafi það í hendi sér hve hratt þau umskipti geti orðið.

Nýr Herjólfur kom til Vestmannaeyja síðasta sumar eftir ýmsar tafir sem urðu á afhendingu skipsins. Áfram urðu tafir vegna viðgerða en nú er komin nokkur reynsla á nýja skipið og strax hægt að leggja mat á reksturinn.

Málþingið var haldið á vegum Hafsins Öndvegisseturs og var umfjöllunarefnið vistvænar lausnir í sjávarútvegi. Þetta var annar viðburðurinn í málþingarröð Hafsins sem stendur fram á næsta haust.

Auk Guðbjartur fluttu þar er-

indi þau Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, og Anna Margrét Kornelíusdóttir, nýr framkvæmdastjóri Hafsins Öndvegisseturs. Fundarstjóri var Sigríður Ragna Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hafsins, en hún er gengin til liðs við Klappir Grænar lausnir, sem er hugbúnaðarfyrirtæki á sviði snjallrar umhverfisstjórnunar.

» gudsteinn@fiskifrettir.is

**TRAUST**  
Know-how  
Trusted solutions for 40 years  
Great Solutions

**Defrosting Tank**

- ★ Special Fish Quality
- ★ Good for the Fish
- ★ Good yield
- ★ Use low energy
- ★ Easy to use

Contact  
traust@traust.is www.traust.is

# IP69



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

## VIÐ ERUM GÓDIR Í DÆLUM

- Prepadælur
- Miðflótttaafldsælur
- Borholudælur
- Skolpdælur
- Hringrásardælur

**KSB**  
Þýsk gæðavara



**VARMA & VÉLAVERK EHF.**  
Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071  
vov@vov.is www.varmaverk.is



**MARPORT**

